

Samþykkt um Starfsendurhæfingarsjóð

Fimmta þing Kennarasambands Íslands, haldið í Reykjavík dagana 6. til 8. apríl 2011 lýsir yfir mikilli óánægju með þá staðreynd að ekki hafi verið sett lög sem skylda alla atvinnurekendur og lífeyrissjóði til að greiða iðgjald í Starfsendurhæfingarsjóð. Með undirritun Stöðugleikasáttmálans í júní 2009 var frá því gengið að lög yrðu sett sem skylduðu atvinnurekendur til að greiða 0,13% af launum starfsmanna til sjóðsins. Sama átti að gilda um aðkomu lífeyrissjóðanna að fjármögnun sjóðsins. Það er ólíðandi að mati þingsins að hluti vinnumarkaðarins skuli vera undanþegin þeirri skyldu að greiða til sjóðsins. Hið sama gildir um lífeyrissjóðina sem sannanlega njóta góðs af því mikla starfi sem starfsemi sjóðsins skilar.

Um leið og þingið fagnar tilkomu sjóðsins og þakkar það mikla og góða starf sem á vegum hans er unnið skorar þingið á ríkisstjórn og Alþingi að vinda bráðan bug að því að tryggja fjárhagslega afkomu hans með lagasetningu.